

íð ilmandi, og á greinum mínum vaxa svo ávextir, sem eru færðir þér í höll þína."

„Vel gert, þú dyggi þjónn" — sagði furstinn.

Gekk hann svo út á engið og spurði grósin: „Hvað gerið þíð?"

Og grósin svöruðu: „Við gefum líf okkar fyrir adra, svo skepnurnar fái næringu."

„Vel gert, þið dyggu þjónar!" — sagði furstinn.

Þar næst kom hann þar að sem óx lítið gæsablóum. Við það sagði hann: „Hvað hefst þú ad?"

„Ekkert! Ekkert!" — svaraði gæsablómið; — „fuglarnir geta ekki notað mig fyrir hreidur sín; eg get ekki veitt nautpenningum skjól; enga ávexti sendi eg í höll þína, og eg get ekki einu sinni verið til födurs fyrir skepnurnar. Alt, sem eg get, er að vera eins gott lítið gæsablóm og mér er unt."

En furstinn beygði sig nidur og kysti gæsablómið og sagði: „Enginn er betri en þú." þýð. K. K. Ó.

Steinninn í veginum.

(þýtt.)

Það er saga ein um konung nokkurn. Hann fór eina nótt á fætur og velti stórum steini út á veginn. Um morguninn var hann snemma á fótum. Hann langaði til að sjá, hvað fólk gerði við steininn.

Þá sér hann sterkan bónda koma eftir veginum akandi í vagni með tveimur uxum fyrir. Það hefði verið innan handar fyrir hann að standa við og velta steininum úr veginum. Þen hann fer að eins að vandræðast út af steininum og segir: „Lítid bara á! Hérna liggur þá stór steinn rétt á veginum, og enginn nennir að hafa fyrir því að velta honum burt." Svo ekur hann á stað og lætur steininn vera.

Þá kemr hermaður gangandi, státinn og stæltur. Hann verdur ekki var við steininn fyrr en hann rekur í hamn fótinn og er nærrí drottinn. Hann verdur reidur og vonskast út af því, að fólk skuli ekki hafa tekil steininn úr veginum. En sjálfur snertir hann ekki hendi sinni við honum, heldur fer leiðar sinnar.

Þá kemur stór hópur af fólk, sem ekur inn í bænum með vörur sínar. Allir kvörtuðu þeir yfir steininum í veginum, en enginn nenti að hafa fyrir því að velta steininum burt.

Þessu heldur áfram þrjár vikur. Enginn snertir steininn,